

**Fundargerð 54. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu þriðjudaginn 8. apríl 2014 kl. 8:30 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Guðjón Bragason og Sævar Skaptason.

Frá FMS: Björn Jóhannsson

Eftirfarandi mál voru rædd:

**1. Verkefni 13-272 göngubrú í Þórsmörk**

Mættir voru Hreinn Óskarsson frá Skógrækt ríkisins og Skúli Skúlason frá Útivist. Þeir gerðu grein fyrir breytingum á verki og tilhögun á samkeppni sem nú yrði tveggja þrepa lokuð samkeppni með forvali í stað opinnar. Björn var beðinn um að útbúa formlegt svarbréf þar sem vísað yrði í bréf frá Vinum Þórsmörkur dagsett 31. mars 2014

**Önnur mál**

Stjórnarmenn undirrituðu bréf til ráðherra.

Ákveðið var að boða til fundar eftir páska þar sem á dagskrá væru aukaúthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna átaks til uppbyggingar á ferðamannastöðum sumarið 2014 undirritun fundargerða og staða verkefna.

Fundi slitið kl. 9:20

Fundargerð ritaði Björn Jóhannsson